

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður eftirfarandi:

Reglugerð um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Í 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. komi í stað fjárhæðarinnar „96.230“ fjárhæðin „112.000“.

4. gr.

Í 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. komi í stað orðanna „sérstakrar heimilisuppbótar“ orðið „tekjutryggingarauka“.

Í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. komi í stað orðanna „sérstakrar heimilisuppbótar“ orðið „tekjutryggingarauka“.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

30. maí 2001

Nr. 443

AUGLÝSING

um umferð í Grundarfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Eyrarsveitar hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á litlu bryggju og stóru bryggju (Norðurgarði) við Grundarfjarðarhöfn, frá enda og upp að landi, er vinnusvæði og öll óviðkomandi umferð bönnuð.

Regla þessi tekur gildi við birtingu hennar.

Sýslumaður Snæfellinga, 30. maí 2001.

Ólafur K. Ólafsson.